


# FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA



Kennslumat á íslenskuáföngum  
fjarnáms

Vorönn 2021

Kennslumat í fjarnámi var framkvæmt dagana 25. mars til 9. apríl og að þessu sinni með breyttum hætti frá því sem verið hefur. Hingað til hefur kennslumat í fjarnámi verið framkvæmt í gegnum INNU en nú var gerð tilraun með fara aðra leið. Fyrir valinu varð að nota að hugbúnaðinn „SurveySparrow“ sem er gerður til að halda utan um slíkar kannanir. Þessi nýja leið var valin einkum þar sem nemendur í fjarnámi eru misvanir að fara inn í INNU og sumir mikla það fyrir sér sem aftur dregur úr svörum. Með því að nota þennan hugbúnað var hægt að setja tengil beint inn í áfangana þannig að nemendur þurftu aðeins að ýta á hann til að taka þátt. Skólinn keypti aðgang að þessum hugbúnaði til reynslu einkum í þeirri von að takast mætti að auka svörunina.

Þar sem verið var að gera tilraun með nýjan hugbúnað var ákveðið að fara hægt af stað. Tekin var ákvörðun um að meta aðeins íslenskuáfanga fjarnámsins að þessu sinni. Spurningar voru hinsvegar þær sömu og lagðar voru fyrir í gegnum INNU fyrir ári til að samanburður væri mögulegur.

Alls bárust 117 svör og sjá má í meðfylgjandi töflu hvernig þau dreifðust á íslenskuáfanga. Í íslensku voru skráðir alls 324 nemendur í annarbyrjun en þegar síðast var talið, þann 19. mars voru virkir nemendur 272.

	<b>SVÖR</b>	Virkir nemendur þann 19.3	Hlutfall af virkum nemendum 19.3	Skráðir nemendur í annarbyrjun	<b>Hlutfall af skráðum nemendum í annarbyrjun</b>
ÍSLE1GR05	<b>12</b>	21	57%	35	<b>34%</b>
ÍSLE2BS05	<b>23</b>	50	46%	61	<b>38%</b>
ÍSLE2GM05	<b>22</b>	55	40%	62	<b>35%</b>
ÍSLE2MR05	<b>12</b>	23	52%	24	<b>50%</b>
ÍSLE3BÓ05	<b>17</b>	41	41%	45	<b>38%</b>
ÍSLE3BU05	<b>5</b>	22	23%	22	<b>23%</b>
ÍSLE3NB05	<b>26</b>	60	43%	75	<b>35%</b>
Alls	<b>117</b>	272	43%	324	<b>36%</b>

Aftasti dálkurinn sýnir að heildarsvörum að þessu sinni var 36%. Það er sú tala sem rétt er að bera saman við þátttöku fyrri anna því hingað til hefur þátttökuprósentan alltaf verið reiknuð sem hlutfall af þeim fjölda sem skráður var í áfangann í upphafi. Síðasta kennslumat í fjarnámi var framkvæmt á haustönn 2019 og þá var heildarsvörum 15% þannig að hér er um þó nokkra aukningu að ræða. Þess ber þó að geta að þá voru allir áfangar metnir í einu en það getur vissulega dregið úr vilja til að svara þegar nemendur þurfa að svara kennslumati fyrir marga áfanga.

## Framkvæmd

Eins og fyrr er sagt er þetta tilraun með nýjan hugbúnað og því voru bara spurningar sem snúa beint að áfanganum settar inn en ekki var spurt um aldur svarenda og heldur ekki fjölda áfanga sem þátttakendur eru skráðir í. Ef hugbúnaðurinn verður notaður aftur þarf að hafa þessar spurningar með, ekki síst til að fá samanburð við fyrri ár.


Þegar búið var að útbúa spurningalistann sendi fjarnámstjóri póst á alla íslenskukennara þar sem þeim var tilkynnt um fyrirhugað mat og þeir beðnir um að hvetja sína nemendur til að taka þátt. Netstjóri sá síðan um að setja tengil á könnunina inn í alla íslenskuáfangana þ.e.a.s. inn í kennsluumhverfi þeirra, Moodle. Að því loknu sendi fjarnámstjóri tölvupóst á alla nemendur þessara áfanga, benti þeim á að könnunin væri í Moodle og bað þá um að svara. Hún sendi síðan ítrekun á næstsíðasta degi en kennslumatið var opið í rúmar tvær vikur eins og fyrr segir.

Þegar könnun er lokið í INNU þarf einungis að gefa eina skipun sem veitir hverjum kennara aðgang að sínum niðurstöðum. Með þessari nýju leið þarf hinsvegar að senda þær á hvern kennara fyrir sig. Sem betur fer leyfir hugbúnaðurinn að pantaðar séu hlutaskýrslur eftir áföngum/hópum og hafa kennarar í einstökum áföngum því fengið sínar niðurstöður sendar sem og fjarnámstjóri. Niðurstöður þær sem hér fara á eftir eru svo heildarmat fjarnemenda í íslenskuáföngum fjarnámsins.

## Niðurstöður


### Námsáætlun áfangans er skýr

Mjög sammála	64
Frekar sammála	40
Frekar ósammála	12
Mjög ósammála	1




**Áfanginn er vel skipulagður**

Mjög sammála	57
Frekar sammála	46
Frekar ósammála	12
Mjög ósammála	2




**Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni.**

Mjög sammála	58
Frekar sammála	44
Frekar ósammála	7
Mjög ósammála	4
Veit ekki	4




**Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega**

Mjög sammála	59
Frekar sammála	31
Frekar ósammála	9
Mjög ósammála	1
Veit ekki /vil ekki svara	17




**Kennarinn skilar verkefnum fljótt**

Mjög sammála	47
Frekar sammála	42
Frekar ósammála	18
Mjög ósammála	3
Veit ekki /vil ekki svara	7




**Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum**

Mjög sammála	40
Frekar sammála	48
Frekar ósammála	17
Mjög ósammála	6
Veit ekki /vil ekki svara	6




**Ég er almennt ánægð/ur með áfangann**

Mjög sammála	55
Frekar sammála	47
Frekar ósammála	10
Mjög ósammála	3
Veit ekki /vil ekki svara	2



**Ég mæli hiklaust með fjarnámi  
FÁ við aðra nemendur**

Mjög sammála	71
Frekar sammála	36
Frekar ósammála	8
Veit ekki /vil ekki svara	2



Þegar rýnt er í þessar niðurstöður má skipta spurningunum/fullyrðingunum í þrjá flokka.


Fyrstu þrjár fullyrðingarnar snúa allar að áfanganum: *Námsáætlun áfangans er skýr, áfanginn er vel skipulagður og gagnvirk próf og verkefni auðveldar mér að fylgjast með námsframvindu minni.* Hér eru skilaboðin skýr því 88-89% segjast sammála eða frekar sammála þessum fullyrðingum sem hlýtur að teljast mjög ásættanlegt.

Síðan koma staðhæfingar sem snúa að kennslunni: *Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega, kennarinn skilar verkefnum fljótt og kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum.* Hér eru svörin líka jákvæð; 75-76% en hér má samt gera betur. Einungis 40% eru mjög sammála því að kennarar skili verkefnum fljótt og aðeins 34% eru mjög sammála því að kennarar skili verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum. Síðustu annir hefur verið lögð aukin áhersla á leiðsagnarmat í öllu skólastarfinu, ekki síst í fjarnáminu og því er vonandi að þessar tölur fari hækkandi á næstu misserum.

Síðustu tvær fullyrðingarnar eru nokkurskonar samantekt. Fullyrðingunni *ég er almennt ánægð/ur með áfangann* eru 87% mjög eða frekar sammála og einnig segist 91% nemenda mjög eða frekar sammála því að *þeir geti mælt með fjarnámi FÁ við aðra nemendur* og þar af eru 60% mjög sammála. Það er vissulega ánægjulegt því ein besta auglýsing sem fjarnámið getur fengið er meðmæli nemenda sem það hafa stundað.

Loks voru nemendur beðnir um að gefa áfanganum einkunn og má sjá niðurstöður þeirrar einkunnagjafar á myndinni hér fyrir neðan. Hér gefa rúm 60% nemenda einkunnina 8 eða hærra sem er sama prósentu sem mælir hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur. Meðaleinkunn er 8 og fallelkunn gefa fáir og er það vel.

Gefðu áfanganum einkunn á bilinu 1 - 10



Nemendum gafst að lokum kostur á að tjá sig með eigin orðum í tveimur opnum spurningum. Það sem nemendum þótti best við áfangan sneri margt að skipulaginu og uppsetningu áfangans ásamt frelsinu til að ráða tíma sínum sjálfur:

- Frábært skipulag, vel er haldið utan um mann á allri önninni
- Mjög góð fyrirmæli og auðvelt að skilja
- Hversu vel hann er settur upp og auðvelt að fylgjast með hvaða verkefni er næst
- Ánægð með gagnvirku prófin. Góðar leiðbeiningar frá kennara
- Skýr og skemmtilega sett upp heimanám og vikupakkar
- Hvað ég fæ að vera frjáls í lærdómi
- Ég þarf ekki að mæta samkvæmt stundatöflu, þægilegt að ráða sjálfur hvenær maður vill læra

Spurðir um hvað betur mætti fara nefndu nemendur tímalengd prófa, sein skil kennara á verkefnum og skort á leiðsagnarmati, auk þess sem nokkrir vildu að kennari væri sýnilegri og var fundaforritið TEAMS nefnt í því sambandi en kennarar fjarnáms hafa verið að gera tilraunir með það á önninni:

- Alltof stuttur tími fyrir sum prófin
- Kennari mætti skila verkefnum mikið fyrr og koma með mun betri athugasemdir sem hjálpa manni að vita hvað megi betur fara... ekki bara draga niður einkunnina og koma með litlar sem engar athugasemdir því þá lærir maður ekkert.
- Gefa athugasemdir við t.d. ritanir, svo maður viti hvað þarf að laga næst

- Kannski fleiri teams fundir
- Kennari mætti vera sýnilegri td á teams

### Lokaorð

Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar er mikilvægt að hafa í huga að þetta er einungis mat á íslenskuáföngum fjarnámsins og því verður að fara varlega í að alhæfa um allt fjarnámið út frá þessum gögnum. Á haustönn er fyrirhugað að meta fleiri deildir/námsgreinar og þá verður áhugavert að sjá heildarútkomuna og jafnframt samanburð milli greina. Með meiri gögn í höndunum er auðveldara að draga ályktanir um allt fjarnámið.

Fyrir stjórnendur er kennslumat mikilvægt bæði heildarsamantekt sem og niðurstöður fyrir hvern og einn kennara. Slík gögn eru mikilvægt innlegg í starfsmannaviðtöl og fyrir alla skipulagningu fjarkennslunnar.

Fyrir kennara er mikilvægur hluti starfspróunar að fá upplýsingar um eigin áfanga, styrkleika og veikleika sem og samanburð við aðra. Þeir fá líka að sjá opin svör nemenda sem gefa þeim hugmynd um hvað þarf að laga og hvað er í góðu lagi.

Kennslumat er mikilvægt í öllu skólastarfi og ekki síst í fjarnámi þar sem samskipti við nemendur eru með öðrum hætti en í venjulegri skólastofu. Með því að meta alla áfanga reglulega fæst þekking á starfinu sem gerir skólanum auðvelt að þróa fjarkennsluna og stefna áfram að því markmiði að vera í fararbroddi fjarkennslu á framhaldsskólastigi.

---

Reykjavík 16. apríl 2021

Jóna Guðmundsdóttir gæðastjóri